

19. mars 2013

1303085

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir), 625. mál.

Með tölvupósti dags. 12. mars sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að rýmkuð verði nokkur ákvæði er takmarka eign lífeyrissjóða í óskráðum verðbréfum. Slíkum takmörkunum er ætlað að draga úr áhættu lífeyrissjóðanna með því að beina fjárfestingum þeirra fyrst og fremst í skráð verðbréf. Með því vinnst einkum tvennt. Annað er að kvaðir um upplýsingagjöf vegna skráðra verðbréfa auðvelda verðmat og áhættumat viðkomandi eign. Hitt atriðið sem vinnst með skráningu er aukinn seljanleiki verðbréfanna þar sem viðskipti með þau verða auðveldari og tíðari ef þau eru skráð í kauphöll.

Eins og staðan er nú á íslenskum fjármálamörkuðum þarf þó að taka tillit til fleiri þátta. Líklegt er að hrein útgáfa skráðra verðbréfa í ár verði mun minni en nemur fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna einna. Við þær aðstæður eykst áhætta ef þeim er beint um of í skráð verðbréf. Auknar heimildir til kaupa á óskráðum verðbréfum eru ekki varanleg lausn á þessum vanda sem stafar af sjóðasöfnun undir fjármagnshöftum.

Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóðanna og jafnframt er unnið að því að finna viðunandi lausnir við afléttingu fjármagnshafta. Í því sambandi vill Seðlabankinn sérstaklega benda á að lífeyrissjóðir eru ekki undanþegnir takmörkunum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, að því er varðar fjárfestingar í framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri og fjármagnshreyfingum á milli landa vegna slíkra

fjárfestinga, líkt og fram kemur í greinargerð með 3. gr. frumvarpsins. Lífeyrissjóðum, líkt og öðrum innlendum aðilum, er þó heimilt að endurfjárfesta söluandvirði slíkra fjármálagerna hafi þeir verið í samfelldu eignarhaldi sjóðanna frá 28. nóvember 2008. Það er mat Seðlabankans að sem stendur sé rétt að veita þær tímabundnu heimildir sem lagðar eru til í frumvarpinu til þess að greiða fyrir því að lífeyrissjóðirnir nái að stýra ávöxtun og áhættu á viðunandi hátt við ríkjandi aðstæður og í samræmi við lög nr. 87/1992.

Í ljósi þess sem rakið er hér að framan gerir Seðlabankinn ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Sigríður Benediktsdóttir
framkvæmdastjóri